

20. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um vottorð sem hafa verið gefin út í samræmi við landslög í aðildarríki áður en reglugerð þessi tekur gildi eða umsóknir um vottorð í samræmi við þau lög sem lagðar eru fram áður en reglugerð þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

21. gr.

Í aðildarríkjunum þar sem landslög gerðu ekki ráð fyrir veitingu einkaleyfa vegna lyfjavara 1. janúar 1990 skal beita ákvæðum reglugerðar þessarar fimm árum eftir að hún öðlast gildi.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki í þeim aðildarríkjum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

Nr. 37

10. maí 1996

LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 64. gr. kemur ný grein, 64. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild eiganda ökutækis til að velja tiltekna bókstafi og tölustafi á skráningarmarki ökutækisins (einkamerki).

Fyrir rétt til einkamerkis skal greiða 25.000 kr., auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmarki. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkis af einu ökutæki á annað í samræmi við reglur sem settar eru skv. 1. mgr. skal greiða sama gjald og fyrir skráningu eigendaskipta að ökutæki. Gjaldið renni til Umferðarráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.